

Nd.

43. Frumvarp til laga

um samþykktir um viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að þau taki að sér viðgerð á búvélum bænda, svo sem dráttarvélum, skurðgröfum, bifreiðum, heyyinnuvélum, jarðyrkjuverkfærum, mjaltavélum og öðrum vélum og verkfærum, sem notuð eru sérstaklega í þágu landbúnaðarins á sambandssvæðinu, á þann hátt, að þau komi upp á hentugum stað viðgerðarverkstæði með öllum nauðsynlegum tækjum til viðgerðar. Með samþykktinni skal að því stefnt, að bændur og aðrir, er verkstæðið nota, geti fengið fljóta og vandaða viðgerð á vélum sínum og verkfærum fyrir sanngjarnt verð.

2. gr.

Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á samþykkt um byggingu og starfrækslu viðgerðarverkstæðis fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frv. að slíkri samþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaganna innan sambandsins með tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, enn fremur tilkynningu um, að frv. verði tekið fyrir til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

Þegar frv. að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki í meiri hluta hreppabúnaðarfélaganna á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur frv. með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, er samþykktin bindandi fyrir öll hreppabúnaðarfélögin. Stjórn sambandsins skal því næst senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Nú telur aðalfundur búnaðarsambands, að staðhættir eða aðrar ástæður valdi því, að þörf sé á, að sambandið stofnsetji fleiri en eitt viðgerðarverkstæði, og skal þá leita um það álits verkfæranefndar ríkisins, sem úrskurðar um tölu þeirra verkstæða, er styrks njóta samkv. lögum þessum, eftir að hafa kynnt sér allar aðstæður.

Heimilt er búnaðarsamböndum, sem samþykkt hafa að stofnsetja viðgerðarverkstæði, að sameinast um eitt verkstæði að fengnu samþykki verkfæranefndar.

4. gr.

Í samþykktum skal tekið fram:

1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér.
2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.
3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal hvar viðgerðarverkstæðið skuli sett. Verði ágreiningur um það atriði, skal hlíta um það úrskurði Búnaðarfélags Íslands.
4. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum fyrirtækisins.
5. Reikningshald og endurskoðun.
6. Hvernig samþykktum skuli breytt.
7. Hvernig samþykkt skuli felld úr gildi.

5. gr.

Nú hefur samþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og verkfæranefnd ríkisins vera stjórn sambandsins til aðstoðar við ákvörðun um stærð og gerð húsa og vélakost, miðað við þau verkefni, er fyrir liggja, þannig að forstöðumaður teiknistofunnar og verkfæranefnd gera tillögur um stærð og gerð verkstæðisbyggingarinnar, en verkfæranefnd um þær vélar og tæki, er hún leggur til, að keypt verði til verkstæðisins.

6. gr.

Viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla, sem byggt er og búið vélakosti samkv. tillögum teiknistofu landbúnaðarins og verkfæranefndar ríkisins, sbr. 5. gr., skal njóta stofnstyrks úr ríkissjóði sem svarar $\frac{1}{2}$ af kostnaðarverði byggingar, véla og verkfæra.

Styrkur veitist aðeins til byggingar eða kaupa á nýju húsi og nýjum og vönduðum vélum og verkfærum.

7. gr.

Framkvæmdastjórnnum viðgerðarverkstæða, sem um ræðir í lögum þessum, ber að taka þá greiðslu fyrir notkun húsa, véla og verkfæra, að hún nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til viðhalds húsum og til að endurnýja vélar og verkfæri jafnóðum og þau verða ónothæf. Verkfæranefnd ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði meðan vélarnar eru nýjar eða nýlegar, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú eru hús og vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma. Búnaðarfélag Íslands innheimtir fyrningargjaldið og leggur það í sérstakan fyrningarsjóð, er sé í vörzlum þess. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum verkfæranefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum.

8. gr.

Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með viðgerðarverkstæðum búnaðarsambandanna. Vanræki búnaðarsamband að dómi verkfæranefndar viðhald húsa eða véla og verkfæra, sem því tilheyra, eða neiti að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða.

9. gr.

Heimilt er búnaðarsambandi að fengnu samþykki verkfæranefndar ríkisins að koma á fót viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla í félagi við annan aðila og undir sameiginlegri stjórn þeirra, enda verði verkstæðið sérstök deild innan fyrirtækisins með sérstökum deildarstjóra. Jafnframt skuldbindi þessi aðili sig til að hlíta ákvæðum 5., 7. og 8. gr. laga þessara og reglugerðar, er út verður gefin samkvæmt 10. gr., að því er viðgerðardeild landbúnaðarvéla áhrærir.

Stofnstyrkur þeirra viðgerðarverkstæða, er hér um ræðir, skal vera jafn framkvæmtur búnaðarsambandsins til hlutaðeigandi viðgerðarverkstæðis.

10. gr.

Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkv. öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa félagssamtök bænda unnið að því um langt skeið, að bændur öfluðu sér véla og vinnusparandi tækja við búreksturinn. Þetta sóttist að visu seint fyrstu árin, meðan ræktunin var skammt á veg komin, aðstaðan því erfið um vélanotkun og hagur bænda yfirleitt þröngur. Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem bændur urðu að yfirstiga, fór vélanotkun þeirra vaxandi með hverju ári allt fram að stríðsárunum. Á undanförunum stríðsárunum jókst eftirspurnin frá bændum eftir vinnuvélum og vinnusparandi tækjum afar mikið. Olli þar mestu um almennur verkafólksskortur til landbúnaðarstarfa og rýmri efnahagur bænda en áður var. Auk þessa hafa kynni bænda af vélum, sem áður voru óþekktar hér á landi og virðast henta bændum mjög vel, orðið til að auka eftirspurnina. Loks hafa félags-

samtök bænda og löggjöf, er Alþingi hefur sett að tilmælum þeirra, stuðlað mjög að þessu. Til þess að gefa þeim, sem ókunnugir eru þessum málum, nokkra hugmynd um vélakaup bænda allra síðustu árin, má benda á, að á tímabilinu frá 1. jan., 1942 til 20. okt. 1946 flutti Samband ísl. samvinnufélaga inn og seldi bændum þessar landbúnaðarvélar:

520 dráttarvélar af ýmsum stærðum,
1300 sláttuvélar fyrir hesta,
950 rakstrarvélar fyrir hesta,
111 múgavélar fyrir hesta,
159 áburðardreifara fyrir tilbúinn áburð,
73 mjaltavélar og
57 kartöflu-upptökuvélar,

svo að það helzta sé talið. Auka þessa hafa önnur verzlunarfyrirtæki flutt inn og selt talsvert af landbúnaðarvélum ýmiss konar á þessu tímabili. Þá má geta þess, að nú starfa 18 skurðgröfur, þar af 14 á vegum verkfæranefndar ríkisins, og hafa flestar verið fluttar inn þessi ár. Loks hefur Nýbyggingarráð beitt sér fyrir og fengið framgengt, að fluttar hafa verið inn á þessu ári jeppabifreiðar, og hefur Búnaðarsamböndum miklar vélapantanir, sem ekki hefur verið unnt að afgreiða, t. d. hjá S. í. S. á 883 dráttarvélum af ýmsum stærðum, um 100 sláttuvélum, 680 rakstrarvélum, 431 múgavél o. s. frv., svo aðeins sé nefnt það helzta, og eru þá ótaldar þær landbúnaðarvélar, sem pantaðar hafa verið hjá öðrum verzlunarfyrirtækjum, t. d. eru í pöntun hjá h/f Orku um 350 mjaltavélar. Þá á verkfæranefnd ríkisins í pöntun 16 skurðgröfur. Loks liggja fyrir óskir frá bændum um 600 jeppabifreiðar í viðbót við þær, sem komnar eru.

Þótt hér hafi verið leitast við að gefa nokkurt yfirlit yfir vélakaup bænda síðastliðin 4 ár, þá er það þó aðeins hálf sögð saga, ef dæma ætti eftir því, hvern vélakost bændur muni hafa á næstu árum. Enn þá liggja fyrir frá bændum og búnaðarsamböndum miklar vélapantanir, sem ekki hefur verið unnt að afgreiða, t. d. hjá S. í. S. á 883 dráttarvélum af ýmsum stærðum, um 100 sláttuvélum, 680 rakstrarvélum, 431 múgavél o. s. frv., svo aðeins sé nefnt það helzta, og eru þá ótaldar þær landbúnaðarvélar, sem pantaðar hafa verið hjá öðrum verzlunarfyrirtækjum, t. d. eru í pöntun hjá h/f Orku um 350 mjaltavélar. Þá á verkfæranefnd ríkisins í pöntun 16 skurðgröfur. Loks liggja fyrir óskir frá bændum um 600 jeppabifreiðar í viðbót við þær, sem komnar eru.

Þegar þessar og aðrar vélar, sem hér eru ekki taldar, eru teknar til starfa í sveitunum, verður gagngerð breyting á búnaðarháttum bænda; um það þarf ekki að efast. En ekki er það þó einhlítt að fá alls konar búvélar, stórvirkar jarðvinnsluvélar og flutningatæki. Það þarf fleira til. Jafnhliða því, að vélar eru keyptar, þarf að setja á stofn nægilega mörg viðgerðarverkstæði til þess að gera við bilaðar vélar og engu síður til að taka í sundur og gera við vélar, sem byrjaðar eru að slitna og skemmast, til þess ef unnt væri að koma í veg fyrir meiri háttar vélbilanir eða eyðileggingu. Þessa er því meiri þörf, að gera má ráð fyrir, að ýmsa, sem með vélarnar fara, skorti til að byrja með kunnugleika og leikni í meðferð þeirra.

Skortur á viðgerðarverkstæðum veldur landbúnaðinum vaxandi örðugleikum og tjóni. Er þess mörg dæmi, að bændur verða að leita í aðrar sýslur eða landsfjórðunga um viðgerðir á vélum sínum, og þykir gott, ef þær fást. Þar sem þannig er ástatt, getur ekki verið um árlega skoðun á vélunum að ræða. Jafnvel þar, sem véla-
verkstæði eru innanhéraðs, eru þess ýmis dæmi, að bændur eru litlu betur settir, sökum þess að þau verkstæði hafa önnur verkefni, sem látin eru sitja í fyrirrúmi.

Til þess að ráða bót á þessu verður að koma upp sem allra fyrst viðgerðarverkstæðum, er annast sérstaklega viðgerðir á landbúnaðarvélum. Teljum við eðlilegast, að búnaðarsamböndin eða stjórnir þeirra hafi forgöngu þessa máls, því að þær mundu geta þess, að allir bændur hefðu þar jafnan aðgang fyrir vélar sínar. En vegna þess að hér er um allfjárfrékt fyrirtæki að ræða og búnaðarsamböndin févana, teljum við flutningsmenn heppilegt, að samstarf geti tekizt með búnaðarsamböndunum og t. d. kaupfélögunum um að stofnsetja slík viðgerðarverkstæði, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. frv. Ætti það að geta orðið háðum til hagræðis. Tvö stærstu félögin, Kaupfélag Árnesinga og Kaupfélag Eyfirðinga, hafa komið

upp viðgerðarverkstæðum. Spáir það góðu um skilning annarra kaupfélaga og samstarfsvilja þeirra um þetta nauðsynjamál.

Hér er lagt til, að ríkið veiti búnaðarsamböndunum jafnháan stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll til viðgerðarverkstæða landbúnaðarins, sem reist verða samkv. lögum þessum, og framkvæmdasjóður ríkisins leggur fram til kaupa á þeim jarðvinnsluvélum, er búnaðarsambönd og ræktunarfélög starfrækja samkv. lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Hvorar tveggja, vélarnar og viðgerðarverkstæðin, eru svo samtengdar, að örðugt er að gera þar upp á milli. Slíkur stuðningur af hálfu þess opinbera mundi ýta mjög undir skjótar framkvæmdir í þessu nauðsynjamáli, sem mikil þörf er á.

Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarin ár um nýsköpun alvinnuveganna og þjóðin eggjuð til framkvæmda. Bændur hafa ekki látið sitt eftir liggja, eins og bent hefur verið á hér að framan. Nú reynir á, hver hugur hefur fylgt máli hjá Alþingi, því að hér er um það að ræða, að tryggja nýsköpun bænda í véltækni nauðsynlegt öryggi, svo að hún komi að þeim notum, sem að er stefnt.